

Rangárþing eystra
Guðmundur Úlfar Gíslason
Austurvegi 4
860 Hvolsvöllur

Reykjavík, 17. október 2022
UST202209-111/A.B.
10.04.00

Efni: Tillaga - Skráning vega í náttúru Íslands - Rangárþing eystra

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa í Rangárþingi eystra er barst 13. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að skráningu vega í náttúru Íslands í sveitarfélaginu í samræmi við reglugerð nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun telur það jákvætt að breytt tillaga gerir ráð fyrir færri vegum án þess að hafa áhrif á aðgengi almennings og útivistargildi svæðisins. Umhverfisstofnun hefur farið yfir tillöguna og vill benda á eftirfarandi þætti.

Flokkun vega

Umhverfisstofnun telur tillöguna ágæta þar sem vegir eru á mörgum stöðum flokkaðir skv. 4. gr. reglugerðar nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands, en samt eru einhverjir vegir sem eru óflokkaðir og tilgangur umferðar óljós.

Umhverfisstofnun bendir á að þegar er verið að skilgreina smalaslóða og landbúnaðarvegi væri mikilvægt að líta til 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, en þar segir: *„Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. 1. mgr. er við akstur vegna starfa við landbúnað heimilt, ef nauðsyn krefur, að aka utan vega á landi sem sérstaklega er nýtt til landbúnaðar ef ekki hljóttast af því náttúruspjöll. Við eftirleitir er bændum heimilt að sækja sauðfé inn á miðhálandið á léttum vélknúnum ökutækjum, svo sem fjórhjólum, enda verði þeim gripum ekki náð með öðru móti og ekki talin hætta á náttúruspjöllum. Við eftirleitir er bændum heimilt að sækja sauðfé inn á miðhálandið á léttum vélknúnum ökutækjum, svo sem fjórhjólum, enda verði þeim gripum ekki náð með öðru móti og ekki talin hætta á náttúruspjöllum.“*

Umhverfisstofnun telur óljóst hvort þörf er á öllum þeim vegum sem skrásettir eru í tillögunni, en nokkuð er um vegi sem liggja samsíða.

Emstruleið

Svæðið er inn á núverandi náttúruminjasrá, þar nefnt „Emstrur og Fjallabak“. Svæðið er því talið til náttúruverndarsvæða sem þykir ástæða til að friðlýsa eða friða.

Umhverfisstofnun telur að eftirtaldir vegir geta valdið raski á viðkvæmri náttúru og þurfi því að skoða nánar tillöguna.

Margir vegir eru skilgreindir þar sem tilgangur umferðar er ekki skilgreindur,

Emstruleið; Skilgreindir eru stuttir vegir ofan í bílför út af Emstruleið við Bláfjallakvísl, nr. 117, 118 og 119. Umhverfisstofnun telur að þarna sé verið að skilgreina vegi sem hafa óljósan tilgang og geti valdið töluverðu raski.

Fauksheiðarhringur; Vegur 146 (Fauksheiðarhringur, styttri leið), er skilgreindur sem torfær vegur, sést vegurinn óljóst á loftmynd. Auk þess liggur vegurinn um votlendissvæði sem fellur undir sérstaka vend 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og telur stofnunin veginn hafi neikvæð umhverfisáhrif. Stofnunin bendir á að vegur er til staðar (nr. 108) sem nefnist Fauksheiðarhringur.

Illasúla; Skilgreindur er vegur að Illusúlu (nr. 121) og bendir stofnunin á að erfitt er að greina veg upp á fjallið og óljóst hvort þarna sé vegur yfir höfuð, en hann er skilgreindur sem smalaslóði í skýringum. Umhverfisstofnun bendir á að líta ætti til 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd varðandi afmörkun vegarins.

Smáfjallarani; Umhverfisstofnun bendir á að ekki er greinilegur vegur samkvæmt loftmyndum á vegi nr. 133 sem liggur meðfram Smáfjallarana og endar í botnlanga út í aurum Bláfjallakvíslar og skilgreindur sem smalaslóði. Umhverfisstofnun bendir á að líta ætti til 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd varðandi afmörkun vegarins.

Vegir á strönd

Tillagan gerir ráð fyrir þó nokkrum vegum um fjörur, strendur og sanda og því mikilvægt að mati stofnunarinnar að vegirnir á strönd séu vel afmarkaðir og umferð stýrt, en oft á tíðum eru þeir ekki sjáanlegir á loftmynd, vegirnir eru margir á sama stað og kvíslast út frá endum og botnum. Einnig þarf að koma fram hvort þær séu til þess fallnar að bera vélknúin ökutæki án þess að það valdi raski. Auk þess er óljóst oft á tíðum hver tilgangur umferðar um veginn er.

Umhverfisstofnun telur að vegir um fjörur og sanda geti haft neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins, upplifun fólks, sem fer um strendur og fuglalíf, en Suðurlandsundirlendið er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði. Umhverfisstofnun bendir á að óljóst er hver tilgangur vegar 37 er en jafnvel tengist hann landgræðslu eins og aðrir vegir á Skógasandi. Vegur 34 liggur frá Eyvindarhólakirkju, í túni og út strönd þar sem vegurinn tekur margar stefnur samkvæmt nýlegum loftmyndum. Auk þess endar vegurinn á miðri strönd, en samkvæmt loftmyndum kvíslast hann áfram. Vegur 34 er samkvæmt loftmyndum með nokkra samsíða slóða sem endar svo við Skógá, en austan við Skógá eru fjölmargir slóðar.

Vegir í votlendi

Umhverfisstofnun bendir á að tillagan gerir ráð fyrir vegum sem liggja í votlendi með votlendisvistgerðum og í votlendi sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, en forðast ber að raska votlendi sem undir greinina falla nema brýna nauðsyn beri til. Umhverfisstofnun telur að vegir um votlendissvæði séu líklegir til að raska viðkvæmum gróðri og votlendissvæðum með hátt verndargildi. Umhverfisstofnun bendir á að vegur 29 liggur í Holtsós og vegur 9 liggur um Skipagerðisós sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Vegir í hrauni og hverfisverndarsvæði

Vegur 95, sem liggur frá Tungufossi austur eftir meðfram ánni, er skilgreindur sem F0 þó svo að hann sé líklega torfær, einnig er hann á grónu hrauni sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga og í hverfisverndarsvæði HV-363 og líklegt er að hann valdi raski á svæðinu.

Húsadalur

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að forðast skuli að skilgreina tvo vegi að sama áfangastað, t.d. eins og vegir inn í Húsafell þar sem eldri vegur um aura Krossár er skilgreindur, nema rök liggi fyrir því.

Goðaland

Mikilvægt er að mati stofnunarinnar að vegur inn í Goðaland nái utan um þá ferðaþjónustustarfsemi sem nýtir veginn.

Eyjafjallajökull

Tillagan gerir ráð fyrir vegi upp á Eyjafjallajökul, líklega fyrst og fremst fyrir ferðaþjónustuaðila á jöklinum. Umhverfisstofnun telur að vegur á þessu svæði geti valdið jarðvegsrofi og haft neikvæð áhrif á landslag og ásýnd og því mikilvægt að þar sem vegurinn fer um viðkvæmt svæði að hann sé afmarkaður vel og gerð einungis ein leið að jöklinum í austurátt, nema fyrir liggi góð rök um að þörf sé á tveimur leiðum.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur